# Norðurþing

## Ársreikningur

# 2014

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 640169-5599

# Norðurþing

## Ársreikningur

# 2014

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra | 2 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 |

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Norðurþings er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.975 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.025 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 2.524 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 2.500 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 92 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 82 milljóna króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 122 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 145 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 539 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta neikvætt um 340 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 1.747 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 233 stöðugildum.

Íbúafjöldi Norðurþings 1. desember 2014 var 2.806 og fækkaði um 20 frá fyrra ári.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2014 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Húsavík 16. apríl 2015

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Bæjarstjórn Norðurþings staðfestir hér með ársreikning Norðurþings fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Húsavík [illegible]2015.

**Bæjarstjórn:**

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til bæjarstjórnar Norðurþings**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurþings fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Norðurþings á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Húsavík, 19. maí 2015.

**Deloitte ehf.**

Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Ragnar Jóhann Jónsson
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2014

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2014 | Áætlun | 2013 | Samantekið A og B hluti 2014 | Áætlun | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | 1.435.473 | 1.353.822 | 1.302.977 | 1.414.960 | 1.353.822 | 1.284.760 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | | 547.729 | 506.016 | 474.192 | 547.729 | 506.016 | 474.192 |
| Aðrar tekjur | | 540.691 | 640.534 | 462.926 | 1.012.289 | 1.164.750 | 959.540 |
| | 3 | 2.523.892 | 2.500.372 | 2.240.096 | 2.974.978 | 3.024.588 | 2.718.491 |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | (1.610.725) | (1.328.133) | (1.337.207) | (1.746.618) | (1.450.046) | (1.447.008) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (845.699) | (849.572) | (832.517) | (965.523) | (1.048.539) | (919.527) |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 7 | (73.916) | (61.632) | (69.022) | (233.049) | (269.512) | (233.308) |
| | | (2.530.339) | (2.239.337) | (2.238.745) | (2.945.190) | (2.768.097) | (2.599.843) |
| **Rekstrarniðurst. án fjármunatekna og fjármagnsgjalda** | | (6.447) | 261.035 | 1.350 | 29.788 | 256.491 | 118.648 |
| Fjármunat. og fjármagnsgjöld | 5 | (115.245) | (115.311) | (96.117) | (126.984) | (188.954) | (52.698) |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta** | | (121.692) | 145.724 | (94.767) | (97.196) | 67.537 | 65.950 |
| Tekjuskattur | | 0 | 0 | 0 | (20.599) | | (28.187) |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 0 | 0 | 25.442 | 14.111 | 13.647 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | (121.692) | 145.724 | (94.767) | (92.353) | 81.648 | 51.411 |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2014 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2013 | Samantekið A og B hluti 31.12.2014 | Samantekið A og B hluti 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Fasteignir og lóðir | 7 | 1.864.812 | 1.688.631 | 2.535.350 | 2.204.562 |
| Veitukerfi og hafnarmannvirki | 7 | 0 | 0 | 1.573.849 | 1.567.165 |
| Aðrar eignir | 7 | 87.908 | 182.820 | 130.207 | 247.319 |
| Leigðar eignir | 7 | 254.447 | 261.695 | 254.447 | 261.695 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 1.075.550 | 1.035.475 | 299.650 | 303.396 |
| Reiknuð skattinneign | | 0 | 0 | 87.826 | 99.716 |
| Langtímakröfur | 9 | 447.826 | 357.073 | 834.540 | 802.362 |
| | | 3.730.544 | 3.525.694 | 5.715.868 | 5.486.215 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir | | 8.442 | 6.080 | 8.559 | 6.220 |
| Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur | 11 | 210.466 | 133.446 | 242.594 | 165.321 |
| Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum | 9 | 2.548 | 1.926 | 520 | 0 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 161.077 | 149.716 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 39.106 | 46.892 | 97.002 | 106.719 |
| Handbært fé | | 2.364 | 19.352 | 206.856 | 357.354 |
| | | 424.002 | 357.411 | 555.531 | 635.613 |
| **Eignir** | | 4.154.547 | 3.883.104 | 6.271.399 | 6.121.828 |

# 31. desember 2014

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2014 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2013 | Samantekið A og B hluti 31.12.2014 | Samantekið A og B hluti 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 12 | | | | |
| Eiginfjárreikningur | | (339.925) | (315.845) | 548.756 | 566.102 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé | | 0 | 0 | (9.571) | (80.675) |
| Eigið fé, (neikvætt) | | (339.925) | (315.845) | 539.184 | 485.426 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 1.566.040 | 1.371.873 | 1.662.567 | 1.470.243 |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 1.248.872 | 1.172.398 | 2.882.618 | 2.957.701 |
| Aðrar langtímaskuldir | 14 | 642.268 | 324.586 | 0 | 0 |
| Leiguskuldir | 15 | 451.773 | 459.834 | 451.773 | 459.834 |
| Aðrar skuldbindingar | | 0 | 167.000 | 0 | 0 |
| | | 3.908.953 | 3.495.692 | 4.996.958 | 4.887.778 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 86.960 | 104.380 | 117.876 | 130.603 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 4.457 | 10.756 | 50.538 | 37.098 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 75.775 | 160.749 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 188.277 | 162.471 | 273.761 | 272.771 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 15 | 14.572 | 9.460 | 14.572 | 9.460 |
| Næsta árs afb lífeyrisskuldbinding | | 43.983 | 46.358 | 51.406 | 50.514 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 171.494 | 209.083 | 227.104 | 248.177 |
| | | 585.518 | 703.258 | 735.257 | 748.624 |
| Skuldir | | 4.494.471 | 4.198.950 | 5.732.215 | 5.636.402 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 4.154.547 | 3.883.104 | 6.271.399 | 6.121.828 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2014 | Áætlun | 2013 | Samantekið A og B hluti 2014 | Áætlun | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | (121.692) | 145.724 | (94.767) | (92.353) | 81.648 | 51.411 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 7 | 73.916 | 61.632 | 69.022 | 243.507 | 269.512 | 233.308 |
| Hagnaður af sölu eigna | | (18.887) | 0 | 0 | (18.887) | 0 | (5.792) |
| Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum | | 0 | 0 | 0 | 16.060 | 0 | 0 |
| Verðb. og gengism. langtímaliða | | 19.782 | 156.466 | 103.304 | (25.510) | 170.746 | 16.304 |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 0 | 0 | (25.442) | 0 | (13.647) |
| Skatteign, breyting | | 0 | 0 | 0 | 11.890 | 0 | 28.187 |
| Hækkun, (lækkun) skuldbindinga | | 191.792 | (50.004) | 3.638 | 200.506 | (58.927) | 768 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 144.910 | 313.818 | 81.197 | 309.770 | 462.979 | 310.539 |
| Br. á rekstrart. eignum og skuldum | | (137.436) | 2.488 | 86.484 | (96.332) | (373) | 13.887 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 7.474 | 316.306 | 167.681 | 213.439 | 462.606 | 324.426 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. | | (53.826) | (116.000) | (98.610) | (163.456) | (838.000) | (280.745) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 22.387 | 0 | 9.732 | 22.387 | 0 | 34.982 |
| Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum | | (202.357) | 0 | (7.823) | (6.872) | 0 | (11.087) |
| Langtímakröfur, breyting | | 0 | 3.305 | 8.460 | 0 | 802.627 | 8.460 |
| | | (233.796) | (112.695) | (88.241) | (147.942) | (35.373) | (248.391) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Nýtt hlutafé | | 0 | 0 | 0 | 118.609 | 0 | 12.832 |
| Tekin ný langtímalán | | 247.450 | 0 | 0 | 247.450 | 522.000 | 6.400 |
| Afborganir langtímalána | | (195.838) | (229.199) | (217.014) | (593.664) | (361.219) | (362.325) |
| Skammtímalán, breyting | | (6.299) | 0 | 11.016 | 11.610 | 0 | 27.021 |
| Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting | | 164.020 | 25.588 | 86.647 | 0 | 0 | 0 |
| | | 209.334 | (203.611) | (119.351) | (215.995) | 160.781 | (316.072) |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár | | (16.988) | 0 | (39.911) | (150.497) | 588.014 | (240.036) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 19.352 | 0 | 59.263 | 357.354 | 275.051 | 597.390 |
| Handbært fé í lok árs | | 2.364 | 0 | 19.352 | 206.856 | 863.065 | 357.354 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxafjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í lok árs 2014 voru íbúar sveitarfélagsins 2.806.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Félagslegar íbúðir, Hafnarsjóður, Orkuveita Húsavíkur ohf., Sorpsamlag Þineyinga ehf., Leigufélagið Hvammur ehf. og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2014 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2014 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Ekki voru gerðir neinir viðaukar við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna ársins 2014.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði hafa verið endurmetnar.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitasjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðsvöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitasjóðs og B hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur hjá Eignasjóði eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

### Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

### Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2014. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2014 | Fjárhags-áætlun 2014 | 2014 | Fjárhags-áætlun 2014 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 1.231.403 | 1.024.455 | 1.231.403 | 1.024.455 |
| Fasteignaskattur og lóðarleiga | 204.070 | 329.368 | 183.557 | 329.368 |
| | 1.435.473 | 1.353.822 | 1.414.960 | 1.353.822 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Framlag vegna fasteignagjalda | 144.551 | 126.000 | 144.551 | 126.000 |
| Þjónustuframlag | 288.425 | 220.000 | 288.425 | 220.000 |
| Framlög vegna grunnskóla | 68.216 | 66.000 | 68.216 | 66.000 |
| Önnur framlög | 46.536 | 94.016 | 46.536 | 94.016 |
| | 547.729 | 506.016 | 547.729 | 506.016 |
| Aðrar tekjur | 540.691 | 640.534 | 1.012.289 | 1.164.750 |
| Rekstrartekjur samtals | 2.523.892 | 2.500.372 | 2.974.978 | 3.024.588 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 14,52% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,58% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði | 1,65% |

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2014 | Fjárhags-áætlun 2014 | 2014 | Fjárhags-áætlun 2014 |
| Laun | 1.105.372 | 974.722 | 1.210.636 | 1.072.254 |
| Launatengd gjöld | 263.346 | 237.411 | 285.260 | 261.792 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 242.007 | 116.000 | 250.721 | 116.000 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 1.610.725 | 1.328.133 | 1.746.618 | 1.450.046 |
| Stöðugildi að meðaltali 2014 | 219 | | 233 | |

Laun sveitastjórnar og sveitastjóra námu 32,9 milljónum króna á árinu 2014.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2014 | Fjárhags-áætlun 2014 | 2014 | Fjárhags-áætlun 2014 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 4.750 | 29.149 | 37.682 | 37.938 |
| Arður af eignarhlutum | 9.920 | 13.335 | 17.268 | 13.335 |
| Aðrar vaxtatekjur | 323 | 1.467 | 0 | 2.959 |
| Vaxtagjöld | (39.869) | (46.958) | (88.956) | (114.186) |
| Verðbætur og gengismunur | (84.258) | (112.303) | (76.447) | (129.000) |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | (6.112) | 0 | (16.531) | 0 |
| | (115.245) | (115.311) | (126.984) | (188.954) |

## 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | 2.015.437 | 2.015.437 | 1.832.213 |
| Félagsþjónusta | 365.454 | 184.121 | (181.333) | (80.599) |
| Heilbrigðismál | 313 | 0 | (313) | (298) |
| Fræðslumál | 948.758 | 108.445 | (840.313) | (832.907) |
| Menningarmál | 52.289 | 1.731 | (50.558) | (46.579) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 230.987 | 54.489 | (176.498) | (172.837) |
| Brunamál og almannavarnir | 48.277 | 3.186 | (45.092) | (31.555) |
| Hreinlætismál | 96.549 | 64.290 | (32.259) | (22.294) |
| Skipulags- og byggingarmál | 36.021 | 2.579 | (33.442) | (21.747) |
| Samgöngumál | 91.805 | 0 | (91.805) | (85.558) |
| Umhverfismál | 81.845 | 923 | (80.922) | (62.805) |
| Atvinnumál | 53.400 | 0 | (53.400) | (49.043) |
| Sameiginlegur kostnaður | 258.055 | 17.504 | (240.552) | (199.241) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 242.007 | 0 | (242.007) | (116.000) |
| Sérstakt framlag til Þjónustumiðstöðvar | 64.000 | 0 | (64.000) | 0 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 89.707 | 109.088 | 19.381 | 34.772 |
| Aðalsjóður samtals | 2.659.469 | 2.561.793 | (97.676) | 145.522 |
| **A-hluta stofnanir:** | | | | |
| Eignasjóður | 294.935 | 271.137 | (23.798) | 59.730 |
| Þjónustumiðstöð | 147.593 | 147.374 | (218) | (59.528) |
| Innri færslur A hluta | (347.324) | (347.324) | 0 | 0 |
| A hluti samtals | 2.754.673 | 2.632.981 | (121.692) | 145.724 |

Á árinu 2014 var gjaldfært hjá í Aðalsjóði á málaflokkinn félagsþjónusta sérstakt framlag um 21,8 milljónir króna til rekstrar Dvalarheimilis aldraðra sf. og 22 milljónir króna til reksturs félagslegra íbúða, ekki var gert ráð fyrir þessum framögum í áætlun. Á árinu 2014 var einnig gjaldfært á málaflokkinn hreinlætismál sérstakt framlag um 24,7 milljónir króna til rekstrar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Auk þess var gjaldfært hjá Aðalsjóði sérstakt framlag 64 milljónir króna vegna rekstrar Þjónustumiðstöðvar sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **B-hluta fyrirtæki:** | | | | |
| Félagslegar íbúðir | 61.004 | 66.606 | 5.602 | (30.209) |
| Hafnarsjóður Norðurþings | 125.159 | 65.123 | (60.036) | (111.745) |
| Orkuveita Húsavíkur ohf | 218.832 | 323.595 | 104.764 | 104.788 |
| Sorpsamlag Þingeyinga ehf | 217.287 | 149.221 | (68.066) | (41.021) |
| Fjárfestingafélag Norðurþings ehf | (66) | 0 | 66 | |
| Leigufélagið Hvammur ehf | 23.087 | 14.394 | (8.693) | |
| Hlutdeild minnihluta | 0 | 0 | 0 | 14.111 |
| Innri færslur A og B hluta | (198.113) | (142.411) | 55.702 | 0 |
| A og B hluti samtals | 3.201.862 | 3.109.508 | (92.353) | 81.648 |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### A hluti

| | Fasteignir og lóðir | Veitukerfi og hafnir | Aðrar eignir | Leigðar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 2.129.199 | 0 | 429.344 | 289.922 | 2.848.465 |
| Endurflokkun fastafjármuna | 60.259 | 0 | (60.259) | 0 | 0 |
| Endurmat á lóðum og lendum | 97.612 | 0 | 0 | 0 | 97.612 |
| Eignfært á árinu | 64.796 | 0 | (10.954) | 0 | 53.842 |
| Selt og aflagt á árinu | (23.681) | 0 | (120) | 0 | (23.801) |
| Staða í árslok | 2.328.185 | 0 | 358.011 | 289.922 | 2.976.118 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 440.568 | 0 | 246.525 | 28.226 | 715.319 |
| Afskrift ársins | 42.982 | 0 | 23.686 | 7.248 | 73.916 |
| Selt og aflagt á árinu | (20.177) | 0 | (108) | 0 | (20.285) |
| Staða í árslok | 463.372 | 0 | 270.103 | 35.475 | 768.950 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.688.631 | 0 | 182.820 | 261.695 | 2.133.146 |
| Bókfært verð í árslok | 1.864.812 | 0 | 87.908 | 254.447 | 2.207.168 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5-4% | 1-10% | 10-20% | 2,5% | |

### A og B hluti

| | Fasteignir og lóðir | Veitukerfi, og hafnir | Aðrar eignir | Leigðar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 2.947.431 | 4.373.781 | 689.142 | 289.922 | 8.300.277 |
| Leigufélagið Hvammur - nýtt í samstæðu | 212.771 | 0 | 0 | 0 | 212.771 |
| Endurflokkun fastafjármuna | 60.259 | 0 | (60.259) | 0 | 0 |
| Endurmat á lóðum og lendum | 97.612 | 0 | 0 | 0 | 97.612 |
| Virðisrýrnun fastafjármuna | (10.458) | 0 | 0 | 0 | (10.458) |
| Eignfært á árinu | 64.796 | 119.910 | (10.380) | 0 | 174.326 |
| Selt og aflagt á árinu | (23.681) | 0 | (120) | 0 | (23.801) |
| Staða í árslok | 3.348.731 | 4.493.691 | 618.382 | 289.922 | 8.750.727 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 742.870 | 2.806.616 | 441.823 | 28.226 | 4.019.536 |
| Endurflokkun rekstrarfjármuna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Leigufélagið Hvammur - nýtt í samstæðu | 24.574 | 0 | 0 | 0 | 24.574 |
| Afskrift ársins | 66.115 | 113.225 | 46.460 | 7.248 | 233.049 |
| Virðisrýrnun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Selt og aflagt á árinu | (20.177) | 0 | (108) | 0 | (20.285) |
| Staða í árslok | 813.381 | 2.919.842 | 488.176 | 35.475 | 4.256.874 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.204.562 | 1.567.165 | 247.319 | 261.695 | 4.280.741 |
| Bókfært verð í árslok | 2.535.350 | 1.573.849 | 130.207 | 254.447 | 4.493.853 |
| Afskriftarhlutföll | 2-4% | 1-10% | 10-20% | 2,5% | |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir ársins greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 73.916 | 233.049 |
| | 73.916 | 233.049 |

Fasteignamat og brunabótamat fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

| **A hluti** | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat |
|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 576.310 | 2.453.150 |
| Íþróttahús og sundlaugar | 322.800 | 1.210.000 |
| Þjónustuhúsnæði | 244.013 | 1.021.760 |
| Aðrar fasteignir | 571.793 | 2.167.884 |
| Lóðir og lendur | 165.146 | 0 |
| | 1.880.062 | 6.852.794 |

| **B hluti** | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat |
|---|---|---|
| Íbúðarhúsnæði | 495.141 | 1.229.900 |
| Aðrar fasteignir | 388.749 | 1.113.046 |
| | 883.890 | 2.342.946 |
| Samtals A og B hluti | 2.763.952 | 9.195.740 |

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Stjórnsýsluhús | 72.342 |
| Skólar | 333.685 |
| Íþróttahöll og sundlaug | 45.623 |
| Bókasafn | 59.960 |
| Félagsheimili | 36.172 |
| Tjaldsvæði | 3.450 |
| Þjónustumiðstöð | 98.425 |
| Hafnarsjóður | 10.538 |
| Orkuveita Húsavíkur | 280.334 |
| Sorpsamlag Þingeyinga | 326.900 |
| | 1.267.429 |

## 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

| Eignarhlutar í öðrum félögum | Eignarhlutur | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|---|
| | | Kostnaðarverð | |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. | 47,20% | 7.936 | 7.936 |
| Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf. | 32,00% | 0 | 325 |
| Tækifæri hf. | 1,93% | 0 | 10.500 |
| Sorpsamlag Þingeyinga ehf. | 100,00% | 41.780 | 0 |
| Greið leið ehf. | 3,33% | 0 | 6.912 |
| Íslensk orka hf. | 25,40% | 0 | 43.422 |
| Hrafnabjargavirkjun hf. | 48,75% | 0 | 10.688 |
| Garðarsstofa ehf. | 71,43% | 500 | 700 |
| Hitaveita Öxafjarðar hf. | 50,77% | 0 | 33.001 |
| Rifós hf. | 6,58% | 0 | 3.655 |
| Seljalax hf. | 26,59% | 0 | 11.028 |
| Fjallalamb hf. | 13,80% | 0 | 16.218 |
| Landskerfi bókasafna ehf. | 13,00% | 94 | 94 |
| Silfurstjarnan hf. | 1,50% | 0 | 1.393 |
| Hótel Ásbyrgi ehf. | 30,00% | | 300 |
| Síldarvinnslan hf. | 0,00% | 0 | 112 |
| Fasteignafélagið HN ehf. | 53,60% | 0 | 0 |
| Orkuveita Húsavíkur ehf. | 100,00% | 732.603 | 0 |
| Fjárfestingafélag Norðurþings | 100,00% | 105.628 | 0 |
| Leigufélag Hvamms ehf. | 76,23% | 102.721 | 0 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 2,22% | 196.845 | 196.845 |
| Skúlagarður-fasteignafélag ehf. | 48,50% | 23.007 | 23.007 |
| Pálsreitur ehf. | 100,00% | 500 | 500 |
| Sjóböð ehf. | 13,78% | 0 | 1.056 |
| Mýsköpun ehf. | 5,00% | 0 | 500 |
| GÁF ehf. | 16,00% | 100 | 100 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. | 0,00% | 100 | 100 |
| Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf. | 10,03% | 800 | 800 |
| Buski ehf. | 53,35% | 0 | 107 |
| | | 1.212.614 | 369.296 |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | | (137.064) | (69.646) |
| | | 1.075.550 | 299.650 |

## 9. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 2.548 | 520 |
| Afborganir 2016 | 2.630 | 520 |
| Afborganir 2017 | 2.716 | 520 |
| Afborganir 2018 | 2.806 | 520 |
| Afborganir síðar | 439.674 | 832.981 |
| | 450.374 | 835.059 |
| Næsta árs afborganir | (2.548) | (520) |
| | 447.826 | 834.540 |

## 10. Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign skiptist þannig:

| | A og B hluti |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 73.762 |
| Lífeyrisskuldbinding | 18.427 |
| Viðskiptakröfur | 600 |
| Aðrir liðir | (4.963) |
| | 87.826 |

## 11. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2014 | 31.12.2013 | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
| Staða í ársbyrjun | 60.200 | 59.893 | 63.000 | 62.811 |
| Tapaðar kröfur á árinu | (2.972) | 0 | (2.972) | (3.349) |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 4.772 | 307 | 6.572 | 3.539 |
| Staða í árslok | 62.000 | 60.200 | 66.600 | 63.000 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2014 | (315.845) | 485.426 |
| Endurmat lóða og lendna | 97.612 | 97.612 |
| Aðrar breytingar | 0 | 48.499 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (121.692) | (92.353) |
| Eigið fé 31.12.2014 | (339.925) | 539.184 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar námu skuldbindingar A hluta 1.610 millj. kr. og A og B hluta 1.714 millj. kr. í árslok 2014 miðað við 2,0% ársvexti umfram hækkanir á lífeyrisréttindum. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2014 | 1.418.231 | 1.520.756 |
| Greitt á árinu | (50.215) | (57.505) |
| Gjaldfært á árinu | 242.007 | 250.721 |
| Lífeyrisskuldbinding 31.12.2014 | 1.610.023 | 1.713.973 |

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árin 2015 - 2029 | 649.604 | 745.154 |
| Síðar | 960.419 | 968.818 |
| | 1.610.023 | 1.713.973 |

## 14. Langtímaskuldir

| | A hluti 31.12.2014 | A hluti 31.12.2013 | A og B hluti 31.12.2014 | A og B hluti 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir í CHF | 62.467 | 69.894 | 62.467 | 69.894 |
| Skuldir í EUR | 52.598 | 54.040 | 773.500 | 794.700 |
| Skuldir í JPY | 24.952 | 28.597 | 24.952 | 28.597 |
| Skuldir í USD | 26.528 | 48.092 | 176.179 | 183.742 |
| Skuldir í ISK | 1.912.872 | 1.458.834 | 2.119.282 | 2.153.540 |
| | 2.079.417 | 1.659.455 | 3.156.380 | 3.230.472 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (188.277) | (162.471) | (273.761) | (272.771) |
| Langtímaskuldir í árslok | 1.891.140 | 1.496.984 | 2.882.618 | 2.957.701 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 188.277 | 273.761 |
| Afborganir 2016 | 149.534 | 216.615 |
| Afborganir 2017 | 123.433 | 176.810 |
| Afborganir 2018 | 116.812 | 170.550 |
| Afborganir 2019 | 101.251 | 124.424 |
| Afborganir síðar | 1.400.110 | 2.194.219 |
| | 2.079.417 | 3.156.380 |

## 15. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert tvo leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar. Leigusamningarnir eru tengdir vísitölu neysluverðs og greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun | 466.345 |
| Næsta árs afborgun | (14.572) |
| Langtímahluti leiguskuldar | 451.773 |

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

| | Leigutími | Afvöxtunar-stuðull | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Leikskóli Iðavöllum 1 | 2011-2038 | 4,1% | 437.500 |
| Leikskóli Iðavöllum 1, leikskólaeiningar | 2010-2020 | 4,7% | 28.845 |
| | | | 466.345 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 32.301 |
| Árið 2016 | 33.336 |
| Árið 2017 | 33.330 |
| Árið 2018 | 33.325 |
| Árið 2019 | 33.320 |
| Síðar | 590.219 |
| | 755.831 |

## 16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður | 100% | 4.415.852 | 3.854.004 | 561.848 |
| Eignasjóður | 100% | 2.186.639 | 3.058.569 | (871.930) |
| Þjónustumiðstöðstöð | 100% | 28.972 | 58.814 | (29.842) |
| Innri færslur A hluta | 100% | (2.476.916) | (2.476.916) | 0 |
| A hluti samtals | | 4.154.547 | 4.494.471 | (339.925) |
| Fjárfestingafélag Norðurþings | 100% | 86.412 | 0 | 86.412 |
| Félagslegar íbúðir | 100% | 265.346 | 679.340 | (413.994) |
| Hafnarsjóður | 100% | 475.476 | 851.694 | (376.218) |
| Orkuveita Húsavíkur | 100% | 3.106.694 | 914.416 | 2.192.278 |
| Sorpsamlag Þingeyinga | 100% | 130.485 | 94.414 | 36.072 |
| Leigufélag Hvamms ehf. | 76,29% | 140.932 | 171.729 | (30.797) |
| Innri færslur A og B hluta | | (2.132.292) | (1.527.221) | (605.071) |
| Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok | | 6.227.599 | 5.678.843 | 548.756 |
| Hlutdeild minnihlutaeigenda | | 43.800 | 53.371 | (9.571) |
| Heildarstaða eigna og skulda í árslok | | 6.271.399 | 5.732.215 | 539.184 |

## 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 18. Yfirlit um lykiltölur

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2014 | Fjárhags- áætlun 2014 | 2014 | Fjárhags- áætlun 2014 |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | |
| Skatttekjur | 56,9% | 54,1% | 47,6% | 44,8% |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 21,7% | 20,2% | 18,4% | 16,7% |
| Aðrar tekjur | 21,4% | 25,6% | 34,0% | 38,5% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Laun og launatengd gjöld | 63,8% | 53,1% | 58,7% | 47,9% |
| Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga | 54,2% | 48,5% | 50,3% | 44,1% |
| Annar rekstrarkostnaður | 33,5% | 34,0% | 32,5% | 34,7% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 4,6% | 4,6% | 4,3% | 6,2% |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | 101,9% | 91,7% | 95,4% | 88,9% |
| Rekstrarniðurstaða | -4,8% | 5,8% | -3,1% | 2,7% |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | |
| Rekstur: | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 707 | 663 | 699 | 663 |
| Aðrar tekjur | 193 | 228 | 361 | 415 |
| Rekstrartekjur samtals | 899 | 891 | 1.060 | 1.078 |
| Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar | 943 | 839 | 1.102 | 1.054 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (43) | 52 | (42) | 24 |

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| **Efnahagur:** | Árið 2014 | Árið 2013 | Árið 2014 | Árið 2013 |
| Eignir | 1.481 | 1.374 | 2.235 | 2.166 |
| Eigið fé | (121) | (112) | 192 | 172 |
| Skuldir og skuldbindingar | 1.602 | 1.486 | 2.043 | 1.994 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,72 | 0,51 | 0,76 | 0,85 |
| Eiginfjárhlutfall | -8% | -8% | 9% | 8% |
| Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum | 178% | 187% | 193% | 207% |
| Skuldahlutafall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf. | 140% | 155% | 160% | 179% |

## 18. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

**Breyting á íbúafjölda**

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. desember | 2.806 | 2.826 |

| **Tekjur** | 2014 | Hlutfall af heildartekjum | 2013 | Hlutfall af heildartekjum | 2012 | Hlutfall af heildartekjum |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Útsvör | 1.231.403 | 41,4% | 1.110.685 | 40,9% | 1.078.279 | 40,3% |
| Fasteignaskattur | 183.557 | 6,2% | 174.075 | 6,4% | 162.214 | 6,1% |
| Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarf. | 547.729 | 18,4% | 474.192 | 17,4% | 486.725 | 18,2% |
| Skatttekjur | 1.962.689 | 66,0% | 1.758.952 | 64,7% | 1.727.218 | 64,5% |
| Aðrar tekjur | 1.012.289 | 34,0% | 959.540 | 35,3% | 950.153 | 35,5% |
| Heildartekjur samtals | 2.974.978 | 100,0% | 2.718.491 | 100,0% | 2.677.371 | 100,0% |
| **Gjöld** | | | | | | |
| Launaliðir | 1.746.618 | 58,7% | 1.447.008 | 53,2% | 1.473.857 | 55,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | 965.523 | 32,5% | 919.527 | 33,8% | 867.714 | 32,4% |
| Afskriftir | 233.049 | 7,8% | 233.308 | 8,6% | 307.957 | 11,5% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 126.984 | 4,3% | 52.698 | 1,9% | 233.850 | 8,7% |
| Hlutdeild minnihluta | (25.442) | -0,9% | (13.647) | -0,5% | (43.741) | -1,6% |
| Skattar | 20.599 | 0,7% | 28.187 | 1,0% | 7.100 | 0,3% |
| | 3.067.331 | 103,1% | 2.667.081 | 98,1% | 2.846.737 | 106,3% |
| Rekstrarniðurstaða | (92.353) | -3,1% | 51.411 | 1,9% | (169.366) | -6,3% |

**Í þúsundum króna á íbúa**

| | 2014 | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi | 2.806 | 2.826 | 2.863 |
| Heildartekjur | 1.060 | 962 | 935 |
| Skatttekjur á íbúa | 699 | 622 | 603 |
| Launaliðir | 622 | 512 | 515 |
| Annar kostnaður og afskriftir | 427 | 408 | 411 |
| Fjármagnsliðir, nettó | 45 | 19 | 82 |

## 19. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings

Norðurþing er í einfaldri ábyrgð fyrir skuldum Dvalarheimilis aldraðra sf. á Húsavík, ásamt öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu, samkvæmt samþykktum félagsins.

Norðurþing er í ábyrgð fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Heildar áfallnar skuldbindingar sjóðsins umfram eignir námu um 2.171 milljónum króna í árslok 2014 samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt.

Norðurþing er í ábyrgð fyrir skuldum hjá Orkuveitu Húsavíkur ohf. en þær skuldir eru innifaldar í samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í ársreikningi Norðurþings.